


Sestu lestu



**Danski
draugurinn**



ISBN: 978-9979-0-1856-8

© 2014 Þórdís Gísladóttir

© 2014 teikningar og myndasögur Ingi Jensson

bls. 46 Shutterstock: Paisan Homhuan, Dreamstime:

Connie Larsen, bls. 51 Shutterstock: Neftali, timarit.is

Ritstjórn: Elín Lilja Jónasdóttir og

Sylvía Guðmundsdóttir

1. útgáfa 2014

Námsgagnastofnun

Kópavogi

Leturgerð meginmáls: Optima 14 pt.

Hönnun og umbrot: Námsgagnastofnun

Prentvinnsla: Litróf ehf. – Umhverfissvottuð prentsmiðja

Sestu  lestu

Danski draugurinn



Þórdís Gísladóttir
Ingi Jensson teiknaði myndir

Efnisyfirlit


1. kafli	5
2. kafli	9
Myndasaga	14
3. kafli	15
4. kafli	19
5. kafli	25
6. kafli	29
Myndasaga	35
7. kafli	36
8. kafli	41
Myndasaga	45
Viltu vita meira	46
Úrvinnsla	52

Sestu lestu



Í þessari sögu fylgist þú með börnum í Furuvallaskóla sem fá að leika aukahlutverk í bíómynd.

Þú ættir að byrja á að skoða teikningarnar og velta fyrir þér **söguþræðinum**.

Í bókinni sérðu víða svona blöðrur  þær eru til að þú **staldrir við** og hugsir um það sem þú varst að lesa.

Það er líka gott að rifja upp söguna að loknum lestri.

Aftast í bókinni eru fróðleiksmolar um kvikmyndir. Suma viltu kannski lesa oftar en einu sinni.





1. kafli

Það snjóaði. Snjónum hafði kyngt niður undanfarna viku. Miklu hafði verið rutt í skafla sem voru hér og þar á skólalóðinni en það snjóaði alltaf meira og meira. Kári Þór horfði á snjókornin sem féllu fyrir utan gluggann á skólastofunni. Hann velti því fyrir sér sem Fanney kennari hafði sagt krökkunum í bekknum að það væri útilokað að tvö snjókorn væru nákvæmlega eins. Var það í alvörunni satt? Kári Þór sá engan mun á öllum þessum snjókornum.

Hvað merkir að snjónum hafi kyngt niður?

Kári vissi vel að hlutirnir eru alls ekki alltaf eins og okkur sýnist. Þess vegna ákvað hann að trúa Fanneyju kennara. Hún var fróð og vön að eiga svör við flestum spurningum.

Skólastofan var fallega skreytt og það var kveikt á jólakerti á kennaraborðinu. Þetta var síðasti kennsludagurinn fyrir jólafrí. Börnin voru dálítið hávaðasöm og æst. Flest þeirra hlökkuðu mikið til jólanna. Þau voru spennt yfir hörðum jólapökkum sem í gætu verið tölvuleikir, bækur, spil eða annað skemmtilegt og mjúkum pökkum með náttfötum, húfum, sokkum eða

Hvað merkir að vera fróður? Hvernig verður maður fróður?

öðrum fallegum flíkum sem gaman yrði að klæða sig í.

Á meðan Kári Þór horfði á snjókornin fór hann að hugsa um fína piparkökuhúsið sem hann hafði bakað með stóra bróður sínum.



Piparkökuhúsið stóð á kommóðu heima hjá honum og á þakinu var hvítur glassúr sem leit út eins og snjór. Svo fór hann að hugsa um jólatréð sem hann ætlaði að saga úti í skógi með pabba sínum daginn eftir.

– Kári! hvíslaði Ísabella hátt. Hún sat við hliðina á honum og hallaði sér að honum. Hún hvíslaði svo hátt að hún hrópaði næstum því upp í eyrað á honum.

– Ha? sagði Kári Þór utan við sig. Hann var svo þungt hugsi að hann heyrði ekkert sem fram fór í kringum sig.

– Ég var að spyrja hvort þú kæmir ekki örugglega á kóræfingu á eftir, sagði Ísabella.

– Jú, auðvitað kem ég á kóræfingu, svaraði Kári Þór.

Kári Þór og Ísabella voru bæði í kórnum í skólanum sínum. Kórin hét Kór Furuvallaskóla því skólinn þeirra hét Furuvallaskóli.



Af hverju heyrði Kári ekki í Ísabellu?

Kórstjórinn hét Tómas. Hann var strangur og lagði mjög mikla áherslu á að allir mættu vel og á réttum tíma á kóræfingar. Hann sagði

Af hverju sagði Tómas að það væri mikilvægt að æfa sig?

að enginn næði árangri í söng, öðrum listum eða íþróttum nema æfa sig mikið. En Tómas var líka skemmtilegur og góður kórstjóri.

Kórinn þeirra þótti einn besti barnakór landsins. Um þessar mundir voru þau að æfa jólalög sem þau ætluðu að syngja á jólaballi skólans. Svo ætluðu þau líka að syngja á jólamarkaði á Þorláksmessu, á elliheimili í bænum sínum milli jóla og nýárs og í jólamessu á annan dag jóla. Það yrði sko nóg að gera um jólin hjá krökkunum í Kór Furuvallaskóla.

– Ég óska ykkur öllum gleðilegra jóla og við sjáumst á jólaskemmtuninni, sagði Fanney kennari og blés á kertið á kennaraborðinu. Svo horfði hún brosandí yfir bekkinn og gekk í átt að dyrunum.

Hvenær er Þorláksmessa?



2. kafli

Börnin í kórnum hópuðust inn í tónmenntastofuna. Þau settust á stóla sem Tómas kórstjóri hafði raðað upp fyrir framan gamalt píanó sem hann notaði á kóræfingum. Tómas horfði yfir hópinn og leit á klukkuna. Svo gekk hann að dyrunum og lokaði. Enn var einn stóll auður. Það var stóll við hliðina á Ísabellu. Hinum megin við hana sat Kári Þór.

Tómas hallaði sér upp að píanóinu og horfði yfir kórinn sinn.

– Ég þarf að segja ykkur svolítið skemmtilegt, sagði Tómas. Fyrir nokkrum dögum hringdi kvikmyndagerðarkona í mig. Hún heitir Lilja og er að gera gamanmynd fyrir alla fjölskylduna.

Hvaða gamanmyndir hefur þú séð?

Það var bankað á dyr tónmenntastofunnar.

Tómas fór og opnaði. Í dyrunum stóð Sandra Dís móð og mäsandi í blautri úlpu og með snjó í hárinu.

– Hún kemur eiginlega alltaf of seint, hvíslaði Kári Þór að Ísabellu.

– Þú ert of sein, sagði Tómas alvarlegur.

Það er ekki gott því að það veldur truflun á kóræfingum ef fólk er að tínast inn eftir að æfingin hefst. Það er mikilvægt að vera stundvís. Það hef ég oft sagt.

– Afsakið, sagði Sandra Dís. Bíllinn hennar mömmu festist í skafli. Ég þurfti að ganga hingað.

Hvers vegna er mikilvægt að vera stundvís?

– Jæja, sagði Tómas, ekki var það gott. Fáðu þér sæti.

Sandra Dís gekk að sætinu við hliðina á Ísabellu og settist. Það lak bleyta úr fötunum hennar og hárinu og vatn slettist á Ísabellu.



– Svo ég byrji aftur á því sem ég var að segja áðan, sagði Tómas, þá hafði kvikmyndagerðar- konan Lilja Lund samband við mig um daginn. Hún ætlar að fá Furuvallaskóla lánaðan til að taka upp atriði í bíómynd sem fjallar um ærsladraug. Hún bað mig um að biðja ykkur að vera statistar.

Þau ykkar sem langar að leika í bíómynd megið koma hingað klukkan níu í fyrramálið. Ég er búinn að fá leyfi hjá foreldrum ykkar og vona að þið komið öll. Ég held að þetta verði skemmtilegt.

Kári Þór leit spyrjandi á Ísabellu. Hann var ekki viss um að hann skildi Tómas. Hvað fólst í því að krakkarnir ættu að vera statistar. Og hvað var eiginlega ærsladraumur?

Það var eins og Tómas hefði lesið hugsanir

Kára Þórs. Hann sagði:

Hvað er átt við með að lesa hugsanir?

– Statisti heitir í raun aukaleikari á góðri íslensku. Í bíómyndum og leikritum eru aðalhlutverk og aukahlutverk. Aðalhlutverk eru stór hlutverk en aukahlutverk minni hlutverk. Leikstjórinn mun segja ykkur meira frá þessu í fyrramálið áður en tölur hefjast. Nú þurfum við að æfa sönginn. Við byrjum á að hita upp og svo förum við í gegnum jólalöggin.

Til hvers þarf að hita upp raddirnar?



Tómas settist við píanóið og sló nokkra hljóma. Börnin í kórnum vissu öll hvað þau áttu að gera og byrjuðu að hita upp raddirnar með því að syngja tónskala. Kári Þór gjóaði augunum að glugganum. Það var orðið dimmt úti en hann sá í skininu frá ljósastaurunum að hætt var að snjóá.

Hvað eru tónskalar?





3. kafli

Morguninn eftir hringdi dyrabjallan heima hjá Kára Þór klukkan korter í níu. Hann sat í eldhúsinu og var nýbúinn með morgunmatinn og stóð upp og fór til dyra. Fyrir utan stóð Ísabella. Hún var klædd eftir veðri, í dúnúlpu, snjóboxur og með ullarhúfu.

– Hæ, hæ. Ertu ekki að koma? Ég hlakka hrikalega til að fá að leika í bíómynd.

Kannski ætla ég að verða leikkona þegar ég verð stór, sagði Ísabella.

Hvað merkir að vera klæddur eftir veðri?

– Jú, ég er að koma, sagði Kári. Bíddu bara aðeins á meðan ég fer í útiföt.

Kári Þór klæddi sig og kvaddi þabba sinn og bróður sem sátu í eldhúsinu og spjölluðu. Svo lokaði hann útidyrnum og þau Ísabella gengu af stað.

Það hafði lítið snjóað frá því deginum áður. Það var dimmt og kalt og loftið var tært. Enginn var á ferli nema svartur köttur sem tiplaði á milli snjóskaflanna við gangstéttina.

Kötturinn nam staðar við lítinn skafl, pissaði í skaflinn og gróf síðan örlítið með loppunum í snjónum. Það var laugardagur og fáir áttu erindi út úr húsi svona snemma morguns.

Kári Þór og Ísabella gengu út götuna og niður aðra götu. Þegar þau nálguðust skólann sáu þau að eitthvað var ekki eins og venjulega. Skólinn var upplýstur með ljóskösturum og á miðri skólalóðinni stóðu rúta og nokkrir stórir bílar. En það var ekki það skrítnasta.

Hvers vegna ætli enginn hafi verið á ferli?



Skólinn var gjörbreyttur. Venjulega var hann gulur á litinn með brúnu þaki en núna var hann dökkgrár með svörtu þaki. Í skjóli nætur hafði skólinn verið málaður. Og málningin var ekki mjög falleg. Sums staðar voru ljósgráir taumar. Málningin hafði lekið af þegar snjóbleyta slettist á hana.

Hvað merkir í skjóli nætur?

Nú kom Sandra Dís hlaupandi, móð og másandi. Hún ætlaði greinilega ekki að koma of seint í þetta sinn.

Af hverju var Sandra Dís hissa þegar hún sá skólann?

– Hvað er að gerast? spurði hún agndofa. Skólinn er ógeðslega draugalegur.

Þetta var rétt hjá henni. Skólinn var virkilega draugalegur. Hann var eins og draugahöll.

Kórfélagarnir tíndust að og allir urðu mjög hissa. Þarna stóðu tvíburarnir Samúel og Emil alveg gapandi af undrun. Fleiri krakkar bættust fljótlega í hópinn og spurðu auðvitað hver hefði málað skólann. Vinkonurnar Bríet Björk og Sudarat stukku út úr



bíl og komu hlaupandi logandi af spennu og forvitni. Smám saman hafði allur kórinn safnast saman þarna úti. – Jæja, krakkar, sagði ég ekki að þetta væri spennandi? heyrðist í Tómasi kórstjóra fyrir aftan hópinn. Kvikmyndagerðarfólkið fékk leyfi til að mála skólann, sagði hann svo. Það hentar myndinni betur að hafa hann svona skuggalegan. En þau lofa að mála hann aftur gulan. Komið nú, við förum inn í stofu 10, þar er beðið eftir ykkur.

Af hverju var skólinn málaður?



4. Kafli

Börnin fóru inn í skólann. Allt virtist eins og venjulega þar til þau komu inn í stofu 10. Það sem minnti á jólin hafði allt verið tekið burt. Það var búið að hengja gömul landakort á veggina og við hliðina á kennaraborðinu stóð mjallhvít beinagrind í fullri stærð. Kára Þór sýndist beinagrindin brosa. Hann velti því fyrir sér hvort hún væri úr alvöru beinum eða úr plasti. Sennilega var hún úr plasti.

Hvernig
hafði stofu
10 verið
breytt?

Hvað merkir
að vera á
þönum?



Í staðinn fyrir skólaborðin, sem voru þarna venjulega, voru komin gamaldags púlt sem hægt var að opna og loka. Þetta var virkilega furðulegt og framandi. Inni í stofunni voru nokkrar ókunnar manneskjur á þönum með allskonar tæki, aftast var búið að stilla upp stórum ljóskösturum og á gólfinu lágu snúrur þvers og kruss. Þarna var líka ókunnug stelpa sem leit út fyrir að vera tíu ára. Hún var í köflóttu pilsu og ljósbláum bol með mynd af blýanti framan á. Á bolnum stóð Ævintýraskóli æskunnar. Hárið á stelpunni var mjög ljóst og fléttað í tvær síðar fléttur. Börnin stóðu vandræðaleg og vissu ekki hvort þau ættu að þora að setjast.

Kona sem stóð uppi við kennaraborðið klappaði skyndilega saman lófunum og sagði:

– Velkomin öll og takk kærlega fyrir að vilja vera með í myndinni minni. Ég heiti Lilja og er leikstjóri. Þarna er Ágúst kvikmyndatöku- maður, hún benti á mann með heyrnartól á sköllóttu höfði. – Þetta er Guðrún, sem aðstoðar hann, nú benti hún á konu sem var niðursokkin í að skrifa eitthvað á símann sinn.

– Þarna er Svenni hljóðmaður, hann tekur upp hljóðið í myndinni. Hún benti á mann sem hélt á stöng með stórum, loðnum hljóðnema. – Og þetta er Fjölur aðstoðarleikstjóri, hún leit á brosmildan, ungan mann með hring í nefinu. – Og hér er María Mjöll sem er sminka. Hún ætlar aðeins að púðra á ykkur nefin. Leikstjórinn benti á konu í gallabuxum sem var að laga fléttur á stelpunni í köflotta pilsinu.



Hvað gerir sminka?



– Já, og svo er það hún Ugly hérna, hún leikur Söru, eitt aðalhlutverkanna í myndinni sem þið eruð að fara að leika í. Lilja benti á stelpuna í köflótta pilsinu. Hún gretti sig þegar konan í gallabuxunum togaði í aðra fléttuna á meðan hún setti í hana rauða teygju.

Af hverju ætli Ugly hafi grett sig?

Hvað er að vera kattliðugur?

– Ugly er kattliðug og frábær leikkona eins og þið eigið eftir að sjá. Svo koma nokkrir í viðbót sem vinna við myndina eftir smástund.

Nú gekk hávaxin, ung kona inn í skólastofuna. Hún var stuttklippt í bláu pilsu og hvítri skyrtu. Ísabellu fannst hún hafa séð þessa konu áður en hún mundi ekki hvar. Líklega hafði hún séð hana í þætti í sjónvarpinu. Eða í leikhúsi.

– Halló, halló! sagði unga konan. Hér eru aldeilis margir flottir leikarar, stórkostlegur hópur sýnist mér.

– Þetta er Saga Garðarsdóttir, leikkona, sagði maðurinn sem hét Fjölur. Hún leikur eitt aðalhlutverkið. Hún er kennarinn og þið eigið að leika nemendurna í bekknum hennar. En það sem er aðalmálið núna er að við komumst í gang. Þarna í horninu eru kassar með stuttermabolum. Þeir eru í þremur stærðum.



Þið eigið öll að finna bol sem passar ykkur og fara í hann.

Það varð dálítill handagangur í öskjunni á meðan allir voru að finna sér bol. María Mjöll aðstoðaði þau.

Hvað er átt við með að handagangur hafi verið í öskjunni?

Sum börnin þurftu að fara úr
peysum en önnur máttu fara í
bolinn utan yfir nærbolinn sinn.

Framan á öllum bolunum var
mynd af blýanti og í kringum
hana stóð stórum stöfum:





5. kafli

Þegar öll börnin voru komin í boli sagði Lilja þeim að setjast. Þau máttu velja sér púlt til að sitja við en Ugly átti að sitja næst kennaraborðinu. Þegar þau voru sest gekk sú sem hét María Mjöll á milli barnanna og sminkaði þau örlítið. Hún var með lítinn kúst sem hún notaði til að púðra þau, sum fengu smá varalit og nokkrum greiddi hún. Ísabella var svo látin færa sig frammar og setjast næst Ugly.

Af hverju ætli börnin hafi verið púðruð?

Hárið á Kára Þór, sem sat á ská fyrir aftan Ísabellu og Uglu, var vatnsgreitt og síðan ýft upp. Svo rétti einhver úr liði kvikmyndagerðar-fólksins honum kringlótt gleraugu og sagði honum að setja þau á sig. Þetta fannst Kára Þór undarlegt. Gleraugin voru bara með gleri eins og í venjulegri gluggarúðu. Ísabella fór að hlæja þegar hún sneri sér við og leit á hann.

Hvernig ætli Kára hafi liðið með gleraugin?

– Hahaha, Kári er alveg eins og Harry Potter, sagði einhver af stelpunum.

Kári Þór var ekki óánægður með þessa athugasemd. Honum fannst bækurnar og myndirnar um Harry Potter frábærar og hann var alveg til í að líkjast galdrastráknum.

Fjölnir setti vísifingur á varirnar og sagði öllum krökkunum að hlusta á sig. Hann stóð við kennaraborðið og hávaxna leikkonan við hlið hans.





– Atriðið er þannig að Saga, sem leikur kennslukonuna Filippíu, opnar þessa tösku, hann benti á skjalatösku úr málmí sem stóð á kennaraborðinu.

– Upp úr töskunni svífur ærsladraugur.

Málið er bara að þið sjáið ekkert koma upp úr töskunni vegna þess að draugurinn verður búinn til með tölvugrafík og settur inn í myndina eftir á. Það er kallað tæknibrella. Filippía og Sara sjá algjörlega um að tala, enginn á að segja orð nema þær tvær. Það sem þið eigið að gera er að setja upp undrunarsvip þegar taskan opnast.



Hvað áttu börnin að þykjast sjá koma upp úr töskunni?

Hvernig
mundir þú sýna
undrun?

Þið eigið að verða mjög hissa. Getið
þið sýnt mér hvernig þið gerið ykkur
steinhissa á svipinn?



Börnin í Kór Furuvallaskóla kepptust um
að vera undrandi á svip. Sum glenntu upp
augun, önnur göptu og einhver bitu á jaxlinn
og klemmdu saman varirnar og gerðu munninn
mjóan eins og strik.

– Stórfenglegt, sagði Fjölur. Passið bara
að ofleika ekki of mikið. Hann fór
að hlæja. Nú getum við fljótlega
byrjað. Verið bara þolinmóð.
Tökurnar hefjast eftir smástund.

Hvað ætli
Fjölur hafi átt við
með því að börnin
mættu ekki
ofleika?



Krakkarnir þurftu að bíða töluvert lengi. Kvikmyndagerðarfélagið talaði saman, prófaði tæki, kveikti á ljóskösturum og gerði ýmislegt annað áður en farið var að taka myndina. Nokkrir krakkar þurftu að skipta um sæti. Tvíburarnir Samúel og Emil voru látnir setjast hlið við hlið og hárinu á báðum var skipt í miðju og málaðar á þá nokkrar freknur.

– Þetta er fullkomið. Nú eruð þið jafn líkir og tveir vatnsdropar, sagði Fjölnir. Já, eða eins og tvö krækiber. Þið eigið ekki einu sinni eftir að vita hvor er hvor þegar þið horfið á myndina í bío.

Manstu eftir einhverju tvennu sem er næstum nákvæmlega eins?

Loks hófust tölur. Fjölirnir lét klapptré smella. Klapptré er töl sem notað er þegar kvikmyndir og sjónvarpsþættir eru teknir upp. Þegar heyrst í klapptré þá merkir það að byrjað er að taka upp.



Kvikmyndatökumaðurinn ók myndavél á hjólum sem hann beindi að aðalleikonunni.



Filippía kennari stóð við kennara-borðið. Hún sagði nokkur orð um að hún hefði verið í Kaupmannahöfn um helgina og keypt svolítið sniðugt sem hún ætlaði að sýna krökkunum í bekknum. Svo tók hún málmstöskuna og setti hana upp á borð. Hún smellti tveimur smellum og taskan opnaðist.

Kennslukonan varð undrandi á svipinn, tók skref afturábak og leit svo á stelpuna í köflótta pilsinu með flétturnar. Taskan stóð opin á borðinu.

Af hverju ætli
Filippía hafi orðið
svona undrandi?

– Hvað er að gerast, Sara?
Sérðu eitthvað? hrópaði hún.

Ugla, sem lék Söru, varð óttaslegin og hissa á svip og stökk skyndilega á fætur. Hún tók heljarstökk aftur á bak og fór síðan á handahlaupum á milli púltanna og endaði úti við glugga sem stóð örlítið opinn í enda skólastofunnar. Myndavélin elti hana. Krakkarnir þurftu ekki að gera sér upp undrun. Þau voru í alvörunni gapandi hissa.

– Hann er farinn! sagði skólastúlkan Sara.
Hvað var þetta eiginlega?

Nú smell aftur í klapprénu.

– Gott, sagði Lilja leikstjóri. Við tökum þetta samt aftur.

Nú hófst það sama upp á nýtt. Taskan var opnuð, kennarinn sagði það sama og áður og tók skref aftur á bak.



Hvað
merkir að
gera sér upp?

Stelpan stökk af stað og fór heljarstökk og handahlaup og endaði við gluggann. Þar rann hún á rassinn og nokkrir krakkar flissuðu.

Hvað er að taka heljarstökk og fara handahlaup?

Sara stóð á fætur. Aðstoðarleikstjórinn fór til hennar til að athuga hvort allt væri í lagi. Hún hafði sem betur fer ekki meitt sig neitt.

– Við þurfum að færa aftasta borðið, sagði Fjölur aðstoðarleikstjóri. Hann bað Söndru Dís að standa upp, svo ýtti hann púltinu hennar til hliðar og sagði henni að hún mætti setjast aftur.

Krakkarnir þurftu að bíða á meðan Fjölur ræddi eitthvað við Lilju. Hún talaði við hljóðmanninn sem virtist vera að hugsa málið.

Síðan var ákveðið að halda áfram.

– Einu sinni enn, sagði Fjölur.

Aftur hófust tölur. Taskan var opnuð, kennslukonan varð undrandi, tók skref aftur á bak og spurði Söru hvort hún sæi eitthvað.





Sara stökk á fætur og sýndi enn og aftur frábærar fimleikakúnstir. Börnin í kórnum gerðu sitt besta til að vera undrandi á svipinn. Þegar nokkrir klukku tímar voru liðnir og búið að endurtaka atriðið mörgum sinnum voru þau orðin býsna þreytt og svöng. Loksins bar Lilju og Fjölni saman um að þetta væri orðið gott og þau væru búin að ná hinu fullkomna atriði.

Hvers vegna
urðu krakkarnir
svangir og
þreyttir?

– Við þökkum kærlega fyrir, sagði Lilja.
Ykkur verður öllum boðið á frumsýningu myndarinnar í sumar.

Aukaleikararnir kvöddu og fóru að klæða sig úr bolunum og finna fötin sín. Þau voru öll orðin lúin. Það var greinilega ekkert auðvelt að vera kvikmyndaleikari.

Hvað merkir að vera lúinn?

Manstu eftir öðru orði yfir aukaleikara?





7. kafli

Það var komið sumar. Furuvallaskóli var fyrir löngu orðinn gulur aftur. Hvert einasta snjó-korn var löngu bráðnað, grasið orðið grænt og trén laufguð. Krakkarnir í kórnum höfðu æft vor- og sumarlög og sungið þau við skólaslitin nokkrum dögum áður.

Ísabella, Kári Þór og hin börnin í Kór Furuvallaskóla sátu í stórum bíósal og biðu eftir að sýning hæfist á fjölskyldugaman-myndinni *Ærsladraugur leikur lausum hala*.


Hvað merkir
að leika lausum
hala?

Sum voru með popp og gosdrykk eða sælgæti. Öll voru þau spennt að sjá myndina sem þau höfðu leikið í.

Það dimmdi í salnum og sýningin hófst. Og þetta var aldeilis skemmtileg og spennandi bíómynd. Hún fjallaði um kennarann Filippíu sem fer í ferðalag til Danmerkur. Í Kaupmannahöfn kaupir hún sniðug borðspil sem hún ætlar að leyfa krökkunum sem hún kennir að spila þegar hún kemur til Íslands. Hún setur spilin í tösku en í töskunni er líka stór poki af sælgæti. Án þess að Filippía viti af því kemur lítill ærsladragur inn í hótélherbergið hennar.

Ærsladragurinn er ægilegur sprelligosi. Hann felur sokkana hennar Filippíu og opnar og lokar gluggum og skráfar frá krananum á baðinu svo hún verður alveg gáttuð.

Filippía heldur jafnvel að sig sé að dreyma því hún sér ekki ærsladraginn.



Hvað gerði draugurinn þegar hann kom inn í hótélherbergi Filippíu?

Ærsladrauminn geta bara krakkar séð.
Ekki þó allir krakkar, heldur aðeins mjög fáir.

En draugurinn er ægilega gráðugur í
sælgæti. Hann smýgur ofan í töskuna með
spilunum og sælgætinu og ætlar að fá
sér nammi.



Á sömu stundu lokar Filippía
töskunni og ærsladrauminn
kemst ekki upp úr. Taskan er
úr áli, sem er málmur. Það eina
sem draugsi getur ekki smogið
í gegnum er málmur. Þarna fær
hann að dúsa í nokkra daga og hann
er svo sannarlega draugfúll yfir því.

Þegar Filippía kemur heim til Íslands opnar
hún töskuna á kennaraborðinu til að sýna
krökkunum spilin. Þá sprettur draugurinn
svo hratt upp úr töskunni að það kemur
vindstrókur og kennarinn tekur
skref aftur á bak.

Af hverju komst
draugurinn ekki út
úr töskunni?




Krökkunum í Furuvallaskóla og öllum í bíosalnum brá skelfilega þegar hann rauk reiðilegur upp úr töskunni með látum. Þá var hávær tónlist leikin í bíómyndinni. Þau vissu öll hvað myndi gerast næst.


Hvers vegna ætli hafi verið leikin hávær tónlist þegar draugurinn spratt upp?

Nú sáust þau mörg á bíótjaldinu og öll voru þau afar undrandi á svipinn. Enginn þekkti Emil og Samúel í sundur. Þeir voru nákvæmlega eins og báðir með sama undrunarsvipinn þegar skólastúlkan Sara fór á handahlaupum milli púltanna í skólastofunni. Bríet Björk og Sudarat voru yfir sig hissa með uppglennt augun og Kári Þór var næstum alveg eins og Harry Potter með gleraugun.

En það sem var allt öðruvísi en þegar myndin var tekin var að þarna sást ærsladraugurinn. Það var búið að teikna hann inn í myndina með tölvugrafík. Draugurinn var gulur með stór augu og hoppaði og skoppaði og sveif um skólastofuna. Svo tróð hann sér út um litla gluggann á stofunni þar sem Sara endaði þegar hún var búin að fara á handahlaupum á eftir honum.



Hvernig er ærsladraumum lýst?



8. kafli

Í næsta atriði stóð Sara fyrir utan skólann. Hann var dökkur og draugalegur og allt á kafi í snjó. Tónlistin sem leikin var undir myndinni var drungaleg. Með Söru var vinkona hennar. Hún hét Sigga. Það sem eftir var myndarinnar voru Sara og Sigga að eltast við drauginn. Hann stríddi þeim mikið, ekki síst í búningsklefa eftir fimleikaæfingu. Vinkonurnar voru báðar miklar fimleikastelpur. Draugurinn sveiflaði handklæðum og sprellaði með því að gusa vatni og fela hárbursta.

Hvernig stríddi draugurinn stelpunum?

Síðan kom í ljós að vinur stelpnanna, hann Nonni, sá ærsladrauminn best af öllum. Hann hjálpaði þeim að tala við hann. Nonni hafði búið í Danmörku og hann gat talað dönsku. Draugurinn skildi ekki íslensku.

Að lokum varð ærsladraumurinn góður vinur krakkanna.

Þegar hann var kominn með heimþrá datt þeim í hug að fá lánaða töskuna hennar Filippíu.

Draugsi smaug ofan í hana eftir að börnin voru búin að setja í hana lakkrís, konfekt og ávaxtahlaup. Svo fóru þau með töskuna til Danmerkur þar sem draugnum var sleppt lausum í Legolandi sem er skemmtigarður

í Danmörku. Hann veifaði krökkunum sæll og glaður og sveif í burtu.

Krökkunum í Kór Furuvallaskóla fannst myndin frábær.

Hvað merkir að fá heimþrá?

Hvernig gátu börnin lokkað drauginn ofan í töskuna?

Kári Þór og Ísabella fengu að fara tvisvar í bíó að sjá myndina sem þau léku í. Nú eru þau að undirbúa gerð stuttmyndar um krakka sem finna fjársjóð uppi á háalofti.

Þau ætla að semja sögu, skrifa handrit eftir sögunni og taka myndina upp sjálf. Vinir þeirra og foreldrar ætla að leika í henni. Þau hafa fengið lánaða myndavél sem hægt er að taka kvikmyndir á. Vinir þeirra ætla að leika aðalhlutverkin í myndinni.

Hvaða
munur er á sögu
og handriti?



Stóri bróðir Kára Þórs ætlar líka að hjálpa þeim. Hann segist eiga forrit í tölvunni sinni sem hægt sé að nota til að klippa kvikmyndir. Hann ætlar að kenna þeim á það. Kári Þór og Ísabella eru viss um að kvikmyndagerðin verði skemmtileg og lærdómsrík. Þegar myndin verður tilbúin ætla þau að bjóða vinum og ættingjum á kvikmyndasýningu.

Hugsaðu þér að þú ætlir að gera stuttmynd. Um hvað myndi hún vera?



Viltu vita meira?

Viltu vita meira?

Kvikmynd (bíómynd) er röð af myndum sem birtast með svo stuttu millibili að áhorfandanum sýnist það sem er á myndinni hreyfast til. Kvikmyndir eru einnig teiknaðar, þá köllum við þær teiknimyndir.

Borgin Hollywood í Bandaríkjunum er þekktasta kvikmyndaborg í heimi.

Fyrsta hreyfimynd (bíómynd) í heiminum var tekin upp í Bandaríkjunum árið 1878 fyrir meira en 130 árum. Hún er mjög stutt og sýnir hest á hlaupum.

Chaplin var einn frægasti grínleikari þöglu Hollywood kvikmyndanna.



Fyrstu kvikmyndasýningarnar á Íslandi voru sumarið 1903. Þá ferðuðust tveir útlenskir menn um Ísland og sýndu **lifandi myndir**. Myndirnar voru af landslagi og af frægu fólki og dýrum í dýragarði. Þeir sýndu líka stuttar grínmyndir.



Viltu vita meira?

Viltu vita meira?

Í mörg ár var ekkert talað í bíómyndum. Þetta tímabil var kallað **tími þöglu myndanna**. Það er þó ekki alveg rétt að tala um þöglar myndir því þær voru sjaldnast „hljóðlausar“.



Á **tíma þöglu myndanna** var oftast spiluð tónlist þegar myndirnar voru sýndar. Margvíslegar aðferðir voru notaðar til að búa til **leikhljóð**. Sjávarhljóð var til dæmis búið til með því að nudda samankrulluðum umbúðapappir eftir gólfinu. ★

Mikki mús kom fyrst fram í teiknimynd **Walt Disney** árið 1928. Disney fæddist í Bandaríkjunum og skapaði frægar teiknimyndapersonúr. Auk Mikka má nefna hundinn Plútó, Andrés önd og Mínú mús.



Fyrsta íslenska barnamyndin var gerð árið 1950 og heitir **Síðasti bærinn í dalnum**. Hún fjallar um börn í sveit, góða álfa í hólum og illvíg tröll í fjöllum.



Viltu vita meira?

Viltu vita meira?

Að mörgu þarf að huga þegar kvikmynd er undirbúin.

Söguþráður er grunnur
hverrar kvikmyndar.

Handrit er búið til
eftir söguþræðinum.
Oft er það skrifað aftur
og aftur.

Leikstjórnin fylgist
með upptöku hvers atriðis.
Það getur tekið heilan dag
að taka upp lítið atriði.

Í tökuhandriti
er lýst í smáatriðum
hvernig á að taka
söguna upp.


Á úrvinnslustigi
eru myndskleiðin klippt
og tengd saman. Hljóðum og
tækniþrellum er bætt við
á þessu stigi.

Myndahandrit
eru teiknuð og lýsa
atriðum í myndinni svipað
og myndasaga.

**Kvikmyndin
sýnd**



Flest atriði í kvikmynd þarf að taka upp mörgum sinnum til að fá góða útkomu.




Mjög margt starfsfólk kemur að gerð kvikmynda.

Aftan við bíómyndir kemur oftast langur listi af nöfnum. Þetta er listi yfir fólkíð sem kom að gerð myndarinnar.

Viltu vita meira?

Viltu vita meira?

Skoðaðu hvað hefur gerst í kvikmyndaheiminum á 135 árum.



Viltu vita meira?

Viltu vita meira?



Fyrsta íslenska barnamyndin.

1950

Þrjár íslenskar bíómyndir framleiddar.

1980

Harry Potter fyrst sýndur á Íslandi.

2001

Sjö íslenskar kvikmyndir gerðar.

2013

Fyrsta íslenska bíómyndin.

1949

Bíómyndirnar um Harry Potter eru átta. Samtals tekur tæplega tuttugu klukkutíma að horfa á þær allar.



Á Vísindavef Háskóla Íslands er hægt að nálgast ýmsar upplýsingar um kvikmyndir, bæði íslenskar og erlendar, gamlar og nýlegar.

Spjallið saman og rifjið
upp söguna.

Hvað heita aðalpersónurnar?

Hvernig er söguþráðurinn.



Tafla sem styðjast
má við þegar við
segjum frá.

Gott er að styðjast við tímalínu.




Skodið saman teikningarnar í bókinni.

- Veljið þrjár myndir.
Hvernig mynduð þið lýsa þeim?
- Hvaða mynd finnst ykkur flottust
og hvers vegna?
- Búið til myndasögu.

Hugarkort

- Ímyndið ykkur að þið ætlið að gera kvikmynd.
- Hvað þurfið þið að hugsa um?

Notið hugarkort til að hjálpa ykkur.




Orðaveiðar

- Finnið þrjú orð í sögunni sem merkja það sama og orðið **hissa**.
Ef þið lendið í vandræðum getið þið skoðað blaðsíður 17, 30 og 37.
- Í sögunni eru mörg orð samsett úr tveimur eða þremur orðum. Farið á veiðar og finnið að minnsta kosti fimm orð.



Hvað merkja orðasamböndin?

Rifjið upp hvað þessi orðasambönd merkja og notið ykkar eigin orð til að útskýra þau.



Getið þið fundið út hvaða orð þetta eru?

kikvmöndðatkuyaumr

tmnentannókearin

aðsjoarlóðeikstrit



Sérnöfn

- Hjálpið að við að rifja upp nöfnin á krökkunum í Furuvallarskóla og kvikmyndagerðafólkinu.




Hvað munið þið mörg nöfn?

Ný orð



- Hvaða ný orð lærðuð þið í þessari bók?



Sestu lestu

Áður er komin út í flokknum



Bækurnar eru líka til sem rafbækur
á vefsíðu Námsgagnastofnunar

www.nams.is

Sestu  lestu

Danski draugurinn

Danski draugurinn er önnur bókin í flokknum *Sestu og lestu*.

Efnið er ætlað börnum á yngsta- og miðstigi grunnskólans sem hafa náð tökum á undirstöðuatriðum lestrar.

Því er ætlað að vekja með börnunum lestrargleði og áhuga og kynna fyrir þeim mismunandi framsetningu texta.

Aftast í bókinni eru nokkur viðfangsefni sem ætlast er til að börnin vinni saman og ræði.

Höfundur er Þórdís Gísladóttir.
Myndir teiknaði Ingi Jensson.



Námsgagnastofnun
05197

ISBN-13: 978-9979-0-1856-6



9 789979 018568